

Kjarasamningur

milli

Björgunar ehf.

og

VM Félags vélstjóra og málmtæknimanna

um kaup og kjör vélstjóra á sanddæluskipum Björgunar ehf.

Texti samningsins byggir á texta samnings við SA frá 26. september 2008.

Textanum hafði ekki verið breytt síðan þá. Textinn var uppfærður eftir samning VM við Björgun ehf. í desember 2019 og aftur eftir samning milli aðila 9. apríl 2025.

Gildistími frá 1. febrúar 2024 til 31. desember 2028

EFNISYFIRLIT

1.	GILDISSVIÐ	5
1.1	Gildissvið sammings	5
1.2	Gildistími.....	5
2.	RÁÐNING, VINNA, UPPSÖGN	5
2.1	Ráðningarsamningur	5
2.2	Uppsögn úr starfi og/eða starfslok	5
3.	FASTLAUNAKERFI	5
3.1	Launafyrirkomulag vélstjóra.....	5
3.2	Útreikningur árslauna.....	6
3.3	Talning daga	6
3.4	Samið um vinnuár	6
3.5	Vinnuskil	6
4.	LAUN OG AÐRAR GREIÐSLUR	6
4.1	Laun.....	6
4.2	Laun yfirvélstjóra og 1. vélstjóra	7
4.3	Dælupeningar	7
4.4	Orlofsuppbót	7
4.5	Desemberuppbót	7
4.6	Stórhátíðavinna	8
4.7	Persónubundin laun.....	8
4.9	Starfsmannasamtöl	8
5.	ORLOF	9
5.1	Lágmarksorlof.....	9
5.2	Orlofsréttur í nýju starfi	9
5.3	Orlofsárið	9
5.4	Orlofstímabil	9
5.5	Flutningur réttinda.....	9
5.6	Veikindi vélstjóra	9
5.7	Fæðingarorlof.....	10

6.	FÆÐI, FATNAÐUR OG HOLLUSTUHÆTTIR	10
6.1	Fæði.....	10
6.2	Fatnaður.....	10
6.3	Aðbúnaður og hollustuhættir.....	10
7.	FERÐALÖG OG DAGPENINGAR.....	11
7.1	Ferðir til eða frá skipi.....	11
7.2	Orlof utan Reykjavíkur	11
7.3	Þjálfun og eftirlit erlendis.....	11
7.4	Notkun dagpeninga	11
8.	LÍFEYRISSJÓÐIR	11
8.1	Aðild og réttindi	11
8.2	Framlög útgerðar og vélstjóra	11
8.3	Mótframlag.....	11
9.	SJÓÐIR.....	12
9.1	Greiðslur í sjóði.....	12
9.2	Skil á félagsgjöldum.....	12
10.	VEIKINDA- OG SLYSALAUN	12
10.1	Fastráðinn vélstjóri.....	12
10.2	Ákvæði samkvæmt sjómanna­lögum	13
11.	TRYGGINGAR OG EIGNAMISSIR.....	13
11.1	Slysatryggingar	13
11.2	Líftrygging	13
11.3	Eignamissir.....	14
12.	FYRIRTÆKJAÞÁTTUR	14
12.1	Markmið.....	14
12.2	Viðræðuheimild.....	14
12.3	Fulltrúar vélstjóra — forsvar í viðræðum	15
12.4	Upplýsingamiðlun.....	15
12.5	Heimil frávik.....	15

12.6	Endurgjald vélstjóra	15
12.7	Gildistaka, gildissvið og gildistími	15
12.8	Áhrif fyrirtækjasamnings á ráðningarkjör.....	16
12.9	Meðferð ágreinings	16
13.	SAMNINGSFORSENDUR.....	17
13.1	Forsendur samningsins.....	17

1. GILDISSVIÐ

1.1 Gildissvið samnings

Kjarasamningur þessi milli Félags vélstjóra og málmtæknimanna (VM) annars vegar og Samtaka atvinnulífsins (SA) hins vegar kveður á um laun og önnur starfskjör vélstjóra sem starfa á sanddæluskipum Björgunar ehf.

1.2 Gildistími

Kjarasamningur þessi gildir frá 1. febrúar 2024 til 31. desember 2028 og fellur þá úr gildi án uppsagnar.

2. RÁÐNING, VINNA, UPPSÖGN

2.1 Ráðningarsamningur

2.1.1 Vélstjórar eru ráðnir til útgerðar. Gera skal skriflegan ráðningarsamning skv. 6. gr. sjómannalaga nr. 35/1985 í tvíriti þar sem hvor aðili heldur sínu eintaki. Í ráðningarsamningnum skal meðal annars koma fram:

- Fullt nafn beggja samningsaðila, kennitala og heimilisfang.
- Starf sem ráðið er í.
- Nafn og símanúmer nánasta aðstandanda eða ættingja.
- Starfssvið og umsamið kaup.
- Önnur kjör og hlunnindi.

2.2 Uppsögn úr starfi og/eða starfslok

2.2.1 Uppsagnarfrestur fer eftir ákvæðum sjómannalaga, sbr. 9 gr.

2.2.2 Ef vélstjóra er sagt upp eftir a.m.k. 10 ára samfelldu starfi hjá sömu útgerð er uppsagnarfrestur 4 mánuðir ef hann er orðinn 55 ára, 5 mánuðir ef hann er orðinn 60 ára og 6 mánuðir þegar hann er orðinn 63 ára. Þeir geta hins vegar sagt upp starfi sínu með 3 mánaða fyrirvara.

3. FASTLAUNAKERFI

3.1 Launafyrirkomulag vélstjóra

Laun vélstjóra byggja á fastlaunakerfi sem eru persónubundin heildarlaun. Árslaun eru reiknuð skv. gr. 3.2. Til jöfnunar á launagreiðslu yfir árið er deilt með 12 í árslaun til ákvörðunar á greiddum launum á mánuði.

3.2 Útreikningur árslauna

Við útreikning á árslaunum skal margfalda laun fyrir sigldan mánuð (30 dagar á sjó) með 7,5 (225 dagar) miðað við 25 orlofsdaga, 7,4 (222 dagar) miðað við 27 orlofsdaga og 7,3 (219 dagar) miðað við 30 orlofsdaga, sbr. neðangreinda töflu.

Virkir dagar	260	260	260
Orlof	-25	-27	-30
Tyllidagar	-11	-11	-11
Vinnuár	225	222	219
Sigldir mánuðir	7,5	7,4	7,3

3.3 Talning daga

Við skil vinnuárs telja allir dagar, virkir sem helgir, þegar keyrt er á tvöföldu, en þegar keyrt er á einföldu telja mánudagar til föstudaga.

3.4 Samið um vinnuár

Sé samið um vinnuár sem er skemmra eða lengra en skv. gr. 3.2 breytast fastlaun hlutfallslega.

3.5 Vinnuskil

Vinnuskil skv. gr. 3.2 eða gr. 3.4 skulu gerð upp árlega. Umframdagar eða dagar sem upp á vantar gerast upp um áramót nema samkomulag verði um að flytja þá á milli ára. Öll frávik frá umsömdu vinnuári til fjölgunar eða fækkunar vinnudaga reiknast hlutfallslega miðað við umsamin árslaun.

4. LAUN OG AÐRAR GREIÐSLUR

4.1 Laun

4.1.1 Launabreytingar á samningstímanum

Laun taka hlutfallshækkun, með krónutöluhækkun að lágmarki, nema annað leiði af launatöflum. Með mánaðarlaunum er átt við föst mánaðarlaun fyrir dagvinnu. Kjaratengdir liðir taka sömu hlutfallshækkun.

- 1. febrúar 2024: 3,25% eða 23.750 kr.
- 1. janúar 2025: 3,50% eða 23.750 kr.
- 1. janúar 2026: 3,50% eða 23.750 kr.
- 1. janúar 2027: 3,50% eða 23.750 kr.
- 1. janúar 2028: 2,50%

Verði samið á almennum vinnumarkaði um launahækkunir umfram 2,5% árið 2028 munu grunnlaun samkvæmt samningnum taka samsvarandi hækkun.

Ef greitt er dagkaup skal við útreikning launahækkunar taka tillit til þess hversu stór hluti dagkaups telst vera fyrir vinnu á dagvinnutímabili.

Dagkaup skv. töxtum kjarasamnings hækkar um kr.:

- 1.2.2024: 2.900 kr.
- 1.1.2025: 2.900 kr.
- 1.4.2025: 950 kr.
- 1.1.2026: 3.400 kr.
- 1.1.2027: 3.400 kr.
- 1.1.2028: 1.900 kr.

Hluti hækkunar dagskaups 1.4.2025 er vegna kerfisbreytinga sem líst er í bókun 2.

4.2 Laun yfirvélstjóra og 1. vélstjóra

4.2.1 Heildarlaun yfirvélstjóra og 1. vélstjóra fyrir óskilgreindan vinnutíma pr. vinnudag fara skv. hjálögðum launatöflum og ráðningarsamningi. Gert er ráð fyrir sama vinnufyrirkomulagi og verið hefur.

4.3 Dælupeningar

4.3.1 Dælupeningar eru skv. hjálögðum launatöflum.

4.4 Orlofsuppbót

4.4.1 Vélstjórar sem hafa áunnið sér fullan orlofsrétt með starfi hjá sömu útgerð næstliðið orlofsár og eru í starfi í maí skal við upphaf orlofstöku eða eigi síðar en 15. ágúst fá greidda sérstaka eingreiðslu, orlofsuppbót, miðað við fullt starf, en hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma.

4.4.2 Orlofsuppbót er föst tala og tekur ekki launabreytingum skv. öðrum ákvæðum. Láti vélstjórar af störfum á orlofsárinu vegna aldurs skulu þeir fá greidda orlofsuppbót vegna áunnins tíma. Sama gildir þótt þeir séu frá störfum vegna veikinda eftir að greiðsluskyldu útgerðar lýkur.

4.4.3 Orlofsuppbót fyrir hvert orlofsár (1. maí til 30. apríl) miðað við fullt starf er:

- Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2024: 58.000 kr.
- Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2025: 60.000 kr.
- Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2026: 62.000 kr.
- Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2027: 64.000 kr.

4.5 Desemberuppbót

4.5.1 Vélstjórar sem hafa verið í fullu starfi allt árið hjá sömu útgerð og eru við störf hjá útgerðinni í desember skulu með desemberlaunum fá greidda sérstaka eingreiðslu, desemberuppbót. Þeir sem eru í hlutastarfi eða hafa unnið hluta af árinu en eru við

störf í desember fái hlutfallslega greiðslu. Desemberuppbót er föst krónutala sem greiðist sjálfstætt og án tengsla við laun.

- 4.5.2 Vélstjórar sem láta af störfum á árinu vegna aldurs eða eftir 12 vikna samfelldt starf á árinu hjá sömu útgerð skulu við starfslok fá greidda desemberuppbót miðað við starfstíma og starfshlutfall á árinu eftir að greiðsluskyldu vinnuveitanda lýkur.

Desemberuppbót fyrir hvert almanaksár miðað við fullt starf er:

- Á árinu 2024: 106.000 kr.
- Á árinu 2025: 110.000 kr.
- Á árinu 2026: 114.000 kr.
- Á árinu 2027: 118.000 kr.

4.6 Stórhátíðavinna

- 4.6.1 Fyrir vinnu á nýársdag, föstudaginn langa, páskadag, hvítasunnudag, 17. júní, aðfangadag eftir kl. 12:00, jóladag og gamlársdag eftir kl. 12:00, fá vélstjórar sérstaka greiðslu sem er samkvæmt töflu sem er fylgiskjal með samningi þessum.

4.7 Persónubundin laun

- 4.7.1 Þegar samið er um persónubundin laun verði tekið tillit til starfssviðs, árangurs, hæfni, starfsskipulags, vinnutíma, vinnuálags og ábyrgðar í starfi og annarra sérgreindra þátta.
- 4.7.2 Vélstjóri á rétt á viðtali við útgerðarmann/yfirmann sinn einu sinni á ári um störf sín og hugsanlega breytingu á starfskjörum. Leitast skal við að niðurstaða viðtalsins liggi fyrir innan mánaðar.
- 4.7.3 Við flutning vélstjóra frá einni stöðu til annarrar, á milli skipa eða verulegra breytinga á vinnuumhverfi skulu persónubundin laun endurskoðuð m.a. með tilliti til breytinga á starfssviði, vinnutíma, vinnuálagi og ábyrgð.
- 4.7.4 Persónubundni samningurinn er uppsegjanlegur með 3 mánaða fyrirvara af beggja hálfu.

4.9 Starfsmannasamtöl

Að minnsta kosti einu sinni á ári skulu útgerðarmaður og yfirvélstjóri fjalla um frammistöðu viðkomandi á liðnu ári og setja markmið fyrir næsta ár. Í framhaldi af því ræðir yfirvélstjórinn við hvern og einn undirmanna sinna um frammistöðu á liðnu ári og markmiðssetningu fyrir næsta ár. Í starfsmannasamtölum á ekki að fjalla um laun.

5. ORLOF

5.1 Lágmarksorlof

Lágmarksorlof eru 25 virkir dagar. Orlofslaun skulu vera 10,64% af launum. Orlofslaun eru þó innifalin í dagkaupi.

Orlof og orlofsgreiðslur miðast við samanlagðan starfstíma hjá útgerð á eftirfarandi hátt:

- Eftir 1 ár í starfi hjá útgerð, 25 virkir dagar, þ.e. 10,64% af launum.
- Eftir 5 ár í starfi sem vélstjóri á sjó, 27 virkir dagar, þ.e. 11,59% af launum.
- Eftir 10 ár í starfi sem vélstjóri á sjó, 30 virkir dagar, þ.e. 13,04% af launum.

5.2 Orlofsréttur í nýju starfi

Hafi vélstjóri verið í þjónustu útgerðar skemur en eitt ár verður orlofslengd í hlutfalli við starfstíma hans. Orlofsgreiðslur eru 10,64% af launum. Aukin orlofsrétt þarf að sannreyna með viðeigandi gögnum.

5.3 Orlofsárið

Orlofsárið er almanaksárið.

5.4 Orlofstímabil

Orlof sem er innifalið í launum pr. vinnudag skv. grein 3.2. telst tekið út á tímabilinu 2. maí til 30. september. Þegar vélstjóri fer í frí á tilgreindu tímabili teljast fyrstu almanaksdagar til jafnlengdar orlofsdagarétti til orlofs.

5.5 Flutningur réttinda

Vélstjóri sem öðlast hefur aukinn orlofsrétt vegna starfs hjá sömu kaupskipaútgerð öðlast hann að nýju hjá annarri kaupskipaútgerð eftir þriggja ára starf, enda hafi rétturinn verið sannreindur.

5.6 Veikindi vélstjóra

Veikist vélstjóri í orlofi innanlands það alvarlega að hann geti ekki notið orlofsins skal hann á fyrsta degi tilkynna það atvinnurekanda t.d. með símskeyti. Fram skal koma hjá hvaða lækni hann hyggst fá læknisvottorð.

Sama gildir ef vélstjóri veikist í landi innan EES svæðisins, Sviss, Bandaríkjunum eða Kanada það alvarlega að það leiði til sjúkrahúsvistar (einn eða fleiri daga).

Fullnægi starfsmaður tilkynningarskyldunni og standi veikindin lengur en í 3 sólarhringa innanlands eða 6 sólarhringa innan EES svæðisins, Bandaríkjunum eða Kanada, á hann rétt á uppbótarorlofi jafnlangan tíma og veikindin sannanlega voruðu. Undir framangreindum kringumstæðum skal starfsmaður ávallt færa sönnur á veikindi sín með læknisvottorði.

Fyrirtæki á rétt á að láta lækni vitja starfsmanns er veikst hefur í orlofi. Uppbótarorlof skal eftir því sem kostur er veitt á þeim tíma sem starfsmaður óskar á tímabilinu 2. maí til 30. september, nema sérstaklega standi á.

5.7 Fæðingarorlof

- 5.7.1 Eftir 2 ára starf hjá sama vinnuveitanda teljast fjarvistir vegna fæðingarorlofs allt að 6 mánuðum til starfstíma við mat á rétti til aukins orlofs samkvæmt kjarasamningum, útreikningi desemberuppbótar, orlofsuppbótar, starfsaldurshækkana, veikindaréttar og uppsagnarfrests.
- 5.7.2 Fæðingarorlof allt að 6 mánuðum telst til unnins tíma við útreikning orlofsréttar, þ.e. réttar til frítöku en ekki orlofslauna.

6. FÆÐI, FATNAÐUR OG HOLLUSTUHÆTTIR

6.1 Fæði

- 6.1.1 Yfirmenn hafa frítt fæði um borð í skipi sínu og skal það vera hollt, gott og hreinlega framreitt.

6.2 Fatnaður

- 6.2.1 Geri útgerðin ekki kröfu til að vélstjórar klæðist einkennisfötum skulu þeir fá greidda fatapeninga tvisvar á ári, kr. 29.400, í desember og júní ár hvert. Upphæðin endurskoðast tvisvar á ári í júní og desember miðað við breytingar á fatalið vísitölu neysluverðs frá undirskrift samningsins.
- 6.2.2 Útgerðin skal tryggja að í skipinu séu samfestingar og annar hlífðarfatnaður sem nauðsynlegur er vegna sérstakra óþrifastarfa í vélarúmi.
- 6.2.3 Afleysingamenn fái hlutfallslega greiðslu þegar þeir hafa leyst af samtals þrjá mánuði.

6.3 Aðbúnaður og hollustuhættir

- 6.3.1 Íbúðum skal haldið í góðri umhirðu.
- 6.3.2 Vélstjórar annist þrif á íbúð sinni.
- 6.3.3 Útgerðin leggur til rúmföt og handklæði og sér um þvott á því.

7. FERÐALÖG OG DAGPENINGAR

7.1 Ferðir til eða frá skipi

Þegar vélstjóri er sendur til eða frá skipi innanlands eða erlendis skulu slík ferðalög vera honum að kostnaðarlausu.

7.2 Orlof utan Reykjavíkur

Fari fastráðinn vélstjóri í orlof í hérlandri höfn utan Reykjavíkur greiðir útgerðin fargjald hans með áætlunarferð til Reykjavíkur frá skipinu. Farartækið skal valið í samráði við útgerðina og greiðist slíkt fargjald aðeins einu sinni á ári fyrir orlofshafann.

7.3 Þjálfun og eftirlit erlendis

Við þjálfunar- og eftirlitsstörf erlendis greiðast dagpeningar samkvæmt viðmiðun ferðakostnaðarnefndar ríkisins.

7.4 Notkun dagpeninga

Af dagpeningum í ferðalögum erlendis ber að greiða allan venjulegan ferðakostnað, annan en fargjöld s.s. kostnað vegna leigubifreiða að og frá flugvöllum, fæði, húsnæði, minni háttar risnu, hvers konar persónuleg útgjöld, flugvallarskatta o.s.frv.

8. LÍFEYRISSJÓÐIR

8.1 Aðild og réttindi

Lífeyrissjóðsaðild og lífeyrisréttindi fara skv. lögum.

8.2 Framlög útgerðar og vélstjóra

Framlag útgerðar til samtryggingarlífeyrissjóðs eru 11,5% á móti 4% framlagi vélstjóra.

8.3 Mótframlag

Mótframlag útgerðar í séreignasjóð nemur 2% á móti 2% framlagi vélstjóra.

9. SJÓÐIR

9.1 Greiðslur í sjóði

- 9.1.1 Útgerðin greiðir í styrktar- og sjúkrasjóð VM 0,3% af öllum launum þeirra sem samningur þessi tekur til. Gjaldið greiðist mánaðarlega.
- 9.1.2 Í orlofsheimilaskjóð VM greiða útgerðir 0,25% af öllum launum þeirra sem samningur þessi tekur til. Gjaldið greiðist mánaðarlega.
- 9.1.3 Frá 1. júní 2008 greiða útgerðir 0,13% í Endurhæfingarsjóð í samræmi við yfirlýsingu ASÍ og SA frá 17. febrúar 2008 sem telst hluti af samningi þessum.

9.2 Skil á félagsgjöldum

Útgerðin tekur að sér að halda eftir af launum vélstjóra félagsgjaldi þeirra til VM ef þess er óskað af hálfu félagsins en það ber ábyrgð á að gjöldin séu rétt krafín.

10. VEIKINDA- OG SLYSALAUN

10.1 Fastráðinn vélstjóri

- 10.1.1 Vélstjóri á fastlaunakerfi, sem verður óvinnufær af völdum sjúkdóms eða slysa á rétt á launum svo lengi sem hann er óvinnufær skv. neðangreindum ákvæðum. Neðangreindur réttur til fastra umsamdra mánaðarlauna skv. gr. 3.1 samningsins er heildarlaunaréttur sem komi í stað launaréttar skv. 36. gr. sjómannalaga nr. 35/1985. Veikindi í frítíma teljast ekki til siglingartíma.
- 10.1.2
- Fyrsta árið, föst mánaðarlaun skv. ráðningarsamningi í 2 mánuði.
 - Eftir 1 árs starf, föst mánaðarlaun skv. ráðningarsamningi í 3 mánuði.
 - Eftir 3 ára starf, föst mánaðarlaun skv. ráðningarsamningi í 4 mánuði.
 - Eftir 5 ára starf, föst mánaðarlaun skv. ráðningarsamningi í 6 mánuði.
 - Eftir 10 ára starf, föst mánaðarlaun skv. ráðningarsamningi í 10 mánuði.
 - Eftir 15 ára starf, föst mánaðarlaun skv. ráðningarsamningi í 12 mánuði.
- 10.1.3 Vélstjóra ber að tilkynna um fjarvistir vegna veikinda og slysa, skv. þeim reglum sem útgerð setur um fyrirkomulag tilkynningar.
- 10.1.4 Útgerð ákveður hvort læknisvottorðs sé krafist. Útgerð greiðir þau læknisvottorð sem hún óskar eftir, sé skilyrðum greinar 10.1.3 fullnægt.
- 10.1.5 Ef vélstjóri hefur verið óvinnufær samfelld í fjórar vikur ber honum að leggja fram læknisvottorð þar sem læknir tekur afstöðu til þess hvort starfsendurhæfing sé nauðsynleg til að ná eða flýta bata.

10.2 Ákvæði samkvæmt sjómannalögum

Varðandi veikindi og slys vísast ennfremur til 36. gr. sjómannalaga.

11. TRYGGINGAR OG EIGNAMISSIR

11.1 Slysaftryggingar

Útgerðin skal tryggja hvern þann mann, sem samningur þessi tekur til í samræmi við ákvæði 172. gr. laga nr. 34/1985.

- 11.1.1 Bætur úr vátryggingu þessari skulu ákvarðast á grundvelli reglna skaðabótalaga nr. 50/1993 með síðari breytingum og um hana skulu að öðru leyti gilda almennir skilmálar fyrir slysaftryggingu sjómanna hjá aðildarfélögum Sambands íslenskra tryggingafélaga.
- 11.1.2 Bætur má lækka eða fella niður ef tjónþoli hefur valdið slysi af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi.
- 11.1.3 Trygging gegn slysadauða og/eða varanlegri slysaörorku gildir meðan skipstjórnarmaður er skráður á skipið, svo og ef hann er á kaupum hjá útgerðinni vegna slyss eða veikinda, enda þótt afskráður sé vegna þess. Jafnframt gildir tryggingin fyrir fastráðinn skipstjórnarmann á meðan hann er í fríi vegna orlofs eða áunninna sammingsbundinna frídaga. Tryggingin tekur ekki til slysa, sem skipstjórnarmaður kann að verða fyrir við störf í þágu annarra en útgerðarinnar, hvort sem greiðsla er innt af hendi fyrir þau störf eða ekki. Þá tekur tryggingin ekki til slysa, er skipstjórnarmaður verður fyrir við arðbæra vinnu í eigin þágu.
- 11.1.4 Eigi tjónþoli rétt til bóta úr lögboðinni ábyrgðartryggingu ökutækis eða slysaftryggingu ökumanns og eiganda, skerðast bætur úr þessari vátryggingu sem því nemur.
- 11.1.5 Dánarbætur greiðast í samræmi við ofangreind lög en örorkubætur hinum slasaða sjálfum.
- 11.1.6 Trygging þessi skerðir ekki rétt skipstjórnarmanns til greiðslu úr lífeyrissjóði.
- 11.1.7 Tryggingarfé samkvæmt þessum lið skal koma til frádráttar slysa- eða dánarbótakröfu á hendur útgerðinni.

11.2 Líftrygging

- 11.2.1 Útgerð líftryggir hvern lögskráðan mann sem starfar samkvæmt samningi þessum. Líftryggingafjárhæðin skal vera kr. 3.666.643 (pr. 01.07.2008) og breytist síðan ársfjórðungslega í sama mæli og dánarbætur skv. a.-lið 1. töluliðs 2. málsgreinar 172. gr. siglingalaga nr. 34/1985. Líftrygging þessi greiðist ekki, ef hinn tryggði deyr af völdum slyss.
- 11.2.2 Láti hinn tryggði ekki eftir sig maka eða börn skal þó aðeins greiða helming tryggingarupphæðarinnar til dánarbús hins látna. Með „maka“ er hér einnig átt við

sambúðarmann eða sambúðarkonu samkvæmt reglum Tryggingastofnunar ríkisins, sbr. 52. gr. laga um almannatryggingar.

- 11.2.3 Fyrrgreind fjárhæð lækkar þó um 4% fyrir hvert aldursár eftir að hinn tryggði nær fimmtíu ára aldri og fellur niður eftir að hann nær sjötíu ára aldri.
- 11.2.4 Um trygginguna gilda eftir því sem við á að öðru leyti, skilmálar líftryggingafélaganna fyrir hóplíftryggingar.
- 11.2.5 Tryggingin gildir frá þeim degi að maður er lögskráður í skipsrúm og til og með þess dags, sem hann er afskráður.

11.3 Eignamissir

- 11.3.1 Missi vélstjóri eignir sínar, þær er hann hefur meðferðis á skipi sínu, af völdum sjóslyss eða eldsvoða, greiðir félagið honum skaðabætur skv. gildandi reglugerð samgönguráðuneytisins.
- 11.3.2 Skemmist hluti eigna hans af þessum sökum, greiðast hlutfallslegar skaðabætur eftir mati tveggja óvilhallra manna, náist ekki samkomulag um bætur.

12. FYRIRTÆKJAPÁTTUR

12.1 Markmið

- 12.1.1 Markmið fyrirtækjapáttar kjarasamnings þessa er að efla samstarf vélstjóra og stjórnenda útgerðar með það fyrir augum að skapa forsendur fyrir bættum kjörum vélstjóra með aukinni framleiðni.
- 12.1.2 Markmiðið er að þróa kjarasamning þannig að hann nýtist báðum aðilum til aukins ávinnings.

12.2 Viðræðuheimild

- 12.2.1 Að jafnaði taki fyrirtækjapáttur til allra yfirvélstjóra og vélstjóra viðkomandi útgerðar/skips sem kjarasamningurinn tekur til. Heimilt er þó að gera sérstaka samninga fyrir hvorn hóp fyrir sig, sé um það samkomulag.
- 12.2.2 Viðræður um fyrirtækjapátt fara fram undir friðarskyldu almennra kjarasamninga og skulu teknar upp með samkomulagi beggja aðila. Þá komi skriflega fram til hverra samningnum sé ætlað að ná.
- 12.2.3 Heimilt er báðum aðilum, vélstjórum og útgerð, að leita ráðgjafar hjá SA og VM. Þeir geta í sameiningu ákveðið að kalla hvor sinn fulltrúa til aðstoðar við samningsgerð. Náist ekki samkomulag um fyrirtækjapátt innan þriggja mánaða getur hvor um sig án samráðs kallað ráðgjafa til þátttöku í viðræðunum.

12.3 Fulltrúar vélstjóra — forsvar í viðræðum

- 12.3.1 Vélstjórar á hverju skipi geta valið fulltrúa úr sínum hóp eða tekið allir þátt í viðræðum við forsvarsmenn útgerðar skipsins.
- 12.3.2 Fulltrúum í samninganefnd skal tryggður eðlilegur tími til að sinna undirbúningi og samningsgerð í vinnutíma. Ennfremur skulu þeir njóta sérstakrar verndar í starfi og óheimilt að láta þá gjalda starfa sinna í samninganefnd.

12.4 Upplýsingamiðlun

- 12.4.1 Við undirbúning fyrirtækjasamnings skulu stjórnendur útgerðar upplýsa fulltrúa vélstjóra um framtíðarhorfur og starfsmannastefnu útgerðarinnar.
- 12.4.2 Á gildistíma fyrirtækjasamnings skulu fulltrúar vélstjóra upplýstir um framangreind atriði og áherslur í rekstri einu sinni til tvisvar á ári. Þeir skulu gæta þagmælsku um þessar upplýsingar að því marki sem þær eru ekki til opinberrar umfjöllunar.

12.5 Heimil frávik

- 12.5.1 Heimilt er með samkomulagi útgerðar og vélstjóra að aðlaga ákvæði samningsins að þörfum vinnustaðarins með frávikum frá ákvæðum kjarasamnings, enda náist samkomulag um endurgjald vélstjóra.

12.6 Endurgjald vélstjóra

- 12.6.1 Takist samkomulag um aðlögun ákvæða kjarasamnings að þörfum útgerðar eða önnur frávik frá vinnuskipulagi, sem samkomulag hefur verið gert um, skal jafnframt samið um hlut vélstjóra vegna þeirra breytinga.
- 12.6.2 Hlutur vélstjóra getur komið fram í fækkun vinnustunda án tilsvareandi skerðingar á tekjum, greiðslu fastrar upphæðar á mánuði eða ársfjórðungi, hæfnisálagi, hlutfallslegu álagi á laun, fastri krónutölu á tímakaup eða með öðrum hætti, allt eftir því hvernig um semst. Í samningnum skal þó koma skýrt fram í hverju ávinningur útgerðar felst svo og greiðsla til vélstjóra. Hvort tveggja er frávik frá kjarasamningi og getur fallið niður við uppsögn skv. gr. 12.7.2.

12.7 Gildistaka, gildissvið og gildistími

- 12.7.1 Samkomulag um fyrirtækjapátt skal vera skriflegt og skal það borið undir alla þá sem samkomulaginu er ætlað að taka til í leynilegri atkvæðagreiðslu sem hlutaðeigandi samninganefnd skipstjórnarmanna stendur fyrir. Samkomulag telst samþykkt ef það fær stuðning meirihluta greiddra atkvæða. Heimilt er samninganefnd vélstjóra að óska eftir álit VM á því að umsamin frávik og greiðslur fyrir þau, heildstætt metið, standist ákvæði laga og kjarasamninga um lágmarkskjör. Hafi ekki komið tilkynning um annað innan fjögurra vikna telst samningurinn samþykktur af beggja hálfu.
- 12.7.2 Heimilt er að láta fyrirtækjasamning gilda tímabundið til reynslu í allt að 3 mánuði og ganga þá endanlega frá efni hans í ljósi reynslunnar. Annars skal gildistími ótímabundinn. Að ári liðnu getur hvor aðili farið fram á endurskoðun. Náist ekki

samkomulag um breytingar innan tveggja mánaða getur hvor aðili sagt fyrirtækjasamningi lausum með sex mánaða fyrirvara m.v. mánaðamót. Að þeim tíma liðnum fellur hvort tveggja niður, umsamdar breytingar og hlutdeild vélstjóra í ávinningi. Til að uppsögn sé bindandi þarf hún að hljóta stuðning meirihluta hlutaðeigandi vélstjóra í sams konar atkvæðagreiðslu og viðhöfð var við gildistöku samningsins. Segi útgerð upp fyrirtækjapætti samnings skulu launahækkanir honum tengdar þó aðeins ganga til baka í þeim mæli sem nemur þeim kostnaðarauka, sem leiðir af upptöku fyrri samningsákvæða.

12.8 Áhrif fyrirtækjasamnings á ráðningarkjör

- 12.8.1 Breytingar á ráðningarkjörum sem leiða kunna af fyrirtækjasamningi eru bindandi fyrir alla hlutaðeigandi vélstjóra hafi þeir ekki mótmælt formlega gerð samningsins við stjórnendur útgerðar og samninganefnd VM áður en til atkvæðagreiðslu kom.
- 12.8.2 Ákvæði fyrirtækjasamnings gilda jafnt um þá vélstjóra sem við störf eru þegar samningur er samþykktur skv. ákvæðum þessa kafla sem og þá sem síðar ráðast til starfa, enda hafi þeim verið kynnt efni hans við ráðningu.

12.9 Meðferð ágreinings

- 12.9.1 Komi upp ágreiningur um skilning eða framkvæmd fyrirtækjasamnings og ekki tekst að leysa hann með viðræðum á milli aðila á vinnustað er vélstjórum heimilt að leita aðstoðar VM eða fela því málið til úrlausnar.
- 12.9.2 Náist ekki samkomulag um mat á áhrifum uppsagnar skv. gr. 12.7.2. getur hvor aðili skotið honum til úrskurðar óháðs aðila. 65% kostnaðar greiðist af fyrirtæki og 35% af starfsmönnum.

13. SAMNINGSFORSENDUR

13.1 Forsendur sammingsins

Um sammingsforsendur, breytingar á sammingsákvæðum, kauptaxtauka, framleiðniauka og viðbrögð við forsendubresti fer skv. almennum kjarasamningum sambanda og félaga ASÍ frá mars 2024. Verði almennum kjarasamningum sagt upp skal uppsögn einnig ná til þessa sammings. Kauptaxtauki 1.4.2025, 0,58% er innifalinn í hækkun dagkaups í hjálögðum launatöflum.

Reykjavík, 9. apríl 2025

F.h. VM Félags vélstjóra og málmteknimanna

F.h. Björgunar ehf.

F.h. Samtaka atvinnulífsins

Bókun 1

Björgun ehf. hefur lýst áhuga á því að koma á ábatakerfi sem felst í því að í stað núverandi greiðslu pr/dag vegna fækkunar og greiðslu pr/dag vegna dælingar utan Faxaflóa, fái menn greitt ákveðna upphæð fyrir hvern rúmmetra sem dælt er. Aðilar eru sammála um að halda óbreyttu kerfi út árið 2025, en skoða upptöku nýs kerfis án skuldbindingar frá og með 1.janúar 2026. Markmið með nýju kerfi er að bæði Björgun ehf. og áhafnir hafi ábata af breytingunni.

Viðeigandi greinar kjarasamnings uppfærast í takt við það sem fram kemur í bókun 2:

Bókun 2

Viðbætur við skilgreiningar á fækkunarálagi, hafnardælingu og dælupeningum.

- **Fækkunarálág:** Er í gildi alla siglingardaga skips og helst inni í launalið í 30 daga eftir að skip leggur að bryggju vegna viðhalds, verkefnastöðu eða annarra slíkra þátta. Að þessum 30 dögum liðnum fellur fækkunarálág niður og kemur ekki aftur inn í launalið fyrir en frá og með næsta siglingadegi skipsins.
- **Hafnardæling:** Gildir þá daga þegar unnið er utan Faxaflóa við dælingar aðrar en efnisöflun.
- **Dælupeningar (ferðir):** Gildir þá daga þegar unnið er við efnisöflun, þó ekki við öflun skeljasands og kalkþörungum.
- **Dælupeningar (m3):** Gildir þar sem greitt er fast einingagjald fyrir dældan rúmmetra af skeljasandi og/eða kalkþörungum. Magn byggir á mældu magni í skipi, þó ekki umfram rukkanlegt magn til viðskiptavinar.
- **Úthald og lok úthalds**
Úthald starfsmanna hefst á hádegi þess dags sem þeir fara um borð og er það alla jafna á miðvikudögum. Starfsstöð starfsmanna er um borð í skipi og miðast heimahöfn við Reykjavík eða höfuðborgarsvæðið. Starfsmaður sér sjálfur um að koma sér milli heimilis og starfsstöðvar. Sé skip utan höfuðborgarsvæðis þegar kemur að áhafnaskiptum þá leggur Björgun til bíl eða flugfar. Starfsmönnum er greiddur hálfur dagur fyrir ferðatíma vegna þessa. Úthaldi starfsmanna lýkur á hádegi sem einnig er alla jafna á miðvikudögum. Heill úthaldsdagur telst frá hádegi til hádegis næsta dags.
- **Viðhaldsvinna**
Á meðan fyrirbyggjandi eru viðhaldsmál á skipum sem áhafnarmeðlimir geta sinnt þá stendur þeim almennt til boða að sinna því viðhaldi utan fasts úthaldstíma. Er þá greitt fyrir þá vinnu í samræmi við gildandi tímagjald yfirvinnukaups áhafnarmeðlima að viðbættu 15% álagi og telst það ekki til úthaldsdaga.

Þessi bókun tekur gildi 1.4.2025.

Launatöflur

Dagkaup á samningstímanum, kaup-taxtauki 1.4.2025 er innifalinn:

	1.2.2024	1.1.2025	1.4.2025	1.5.2025	1.1.2026	1.1.2027	1.1.2028
Vélstjóri ,10,17%	56.804	59.704	61.000				
Vélstjóri, 10,64%				61.232	64.632	68.032	69.932
Vélstjóri ,11,59%	57.318	60.218	61.517	61.517	64.917	68.317	70.217
Vélstjóri, 13,04%	57.842	60.742	62.044	62.044	65.444	68.844	70.744
Yfirvélstjóri ,10,17%	66.532	69.432	70.785				
Yfirvélstjóri ,10,64%				71.058	74.458	77.858	79.758
Yfirvélstjóri,11,59%	67.171	70.071	71.427	71.427	74.827	78.227	80.127
Yfirvélstjóri ,13,04%	67.823	70.723	72.083	72.083	75.483	78.883	80.783

Fækkunarálag, hafnardæling og dælupeningar á samningstímanum:

Vélstjóri	1.2.2024	1.1.2025	1.1.2026	1.1.2027	1.1.2028
Fækkunarálag	5.880	6.086	6.299	6.519	6.682
Hafnardæling	5.276	5.461	5.652	5.850	5.996
Dælupeningar (ferðir)	1.958	2.027	2.098	2.171	2.225
Dælupeningar (m3)	3,25	3,36	3,48	3,60	3,69

Yfirvélstjóri	1.2.2024	1.1.2025	1.1.2026	1.1.2027	1.1.2028
Fækkunarálag	6.720	6.955	7.198	7.450	7.636
Hafnardæling	12.110	12.534	12.973	13.427	13.763
Dælupeningar (ferðir)	2.480	2.567	2.657	2.750	2.819
Dælupeningar (m3)	3,25	3,36	3,48	3,6	3,69

Tímakaup yfirvinnu:

	1.4.2025	1.1.2026	1.1.2027	1.1.2028
Vélstjóri	5.177	5.461	5.745	5.904
Yfirvélstjóri	6.014	6.298	6.582	6.741